



Jafnréttisstofa

Alþingi
Erindi nr. **P/36/251**
komudagur 26.11.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri 24. nóvember 2008.

Málefni: Umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, 30. mál.

Með bréfi félags- og tryggingamálanefndar Alþingis, dags. 5. nóvember s.l., var óskað eftir umsögn Jafnréttisstofu um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, 30. mál.

Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafa það að markmiði að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins, sjá 1. mgr. 1. gr. Enn fremur segir í sömu mgr. að allir einstaklingar skuli eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Þessu markmiði á meðal annars að ná með því að, eins og fram kemur í b. og c. lið 1. gr., vinna að jöfnum áhrifum kvenna og karla í samfélaginu og bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu.


Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni á þskj. nr. 30 þá hefur hlutur kvenna í sveitarstjórnnum aukist fremur hægt. Eitt af því sem skiptir miklu máli til að ná ofangreindum markmiðum jafnréttislaga er að konur komi að því til jafns á við karla að taka ákvarðanir um sitt nær-umhverfi, ákveða hvernig þjónustu, t.d. félagsþjónustu, í sveitarfélögum skuli háttáð og hvernig fjármagn sveitarfélags er notað. Ljóst er því að aðgerða er þörf til að bæta stöðu kvenna á sveitarstjórnarstiginu.

Jafnréttisstofa er tilbúin til þess að taka að sér það verkefni sem hér er lagt til, enda málefnið brýnt. Ljóst er þó að til að svo geti orðið þarf að auka fjárveitingar til Jafnréttisstofu.

Mikilvægt er að verkefnið fari af stað sem allra fyrst, enda stutt í það að prófkjör hefjist og/eða uppstillingar á lista fyrir kosningarnar.

Jafnréttisstofa styður þingsályktunartillöguna og vonar að hún nái fram að ganga.

F.h. Jafnréttisstofu


Ingjörg Elíasdóttir lögfræðingur